

## LÖG

### um breyting á lögum um framkvæmdarvald ríkisins í héraði, nr. 92 1. júní 1989.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 2. gr. laganna, sbr. 36. gr. laga nr. 15/1998:

- a. Í stað tölunnar „26“ í 1. másl. 1. mgr. kemur: 25.
- b. Orðið „Kjalarneshrepp“ í 1. másl. 1. mgr. fellur brott.
- c. 17. tölul. 2. másl. 1. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2000.

*Gjört á Bessastöðum, 10. desember 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Sólveig Pétursdóttir.*

Nr. 96

27. desember 1999

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 4. gr. laga nr. 88/1998, orðast svo:

Seðlabankanúmer heimilt að setja reglur um lágmark eða meðaltal lauss fjár lánastofnana sem þeim ber ætíð að hafa yfir að ráða í þeim tilgangi að mæta fyrirsjáanlegum og hugsanlegum greiðsluskuldbindingum á tilteknu tímabili. Í þeim má ákveða að mismunandi ákvæði gildi um einstaka flokka lánastofnana.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1999.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

---

*Finnur Ingólfsson.*